

Grunnshóli Reyðarfjarðar



Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Skólaárið 2020-2021

Verkfærakistan – Leið út í lífið

Hugrökku ❤ er ekkert ómögulegt



Grunnskóli Reyðarfjarðar



Upplýsingar um verkefnið

Nafn skóla: Grunnskóli Reyðarfjarðar
Nafn verkefnis: Verkfærakistan – Leið út í lífið
Nafn verkefnastjóra: Guðlaug Árnadóttir
Nafn ábyrgðaraðila: Ásta Ásgeirs dóttir
Númer samnings og styrkár: UMS 88, 2020-2021.

Markmið verkefnisins

Markmið verkefnisins var að fræða kennara um hvernig þær gætu unnið með hópa og einstaklinga í samskipta- og félagslegum vanda. Rannsóknir sýna að félagslegum vanda fylgja alvarlegar og jafnvel langvarandi neikvæðar afleiðingar fyrir börn á öllum aldri. Á námskeiðinu fá kennrarar verkfæri í hendur svo þeir megi skima fyrir félagslegum erfiðleikum með það að markmiði að grípa inn í eins fljótt og auðið er. Kennrarar fá fræðslu til að koma auga á börn í félagslegum vanda ásamt því að kunna árangursríkar aðferðir til að hjálpa þeim.

Leiðin að markmiðinu

Vanda Sigurgerirs dóttir lektor við Háskóla Íslands og einn eigandi fyrirtækisins Kvan, leiddi verkefnið. Hún kom til Reyðarfjarðar á starfsdögum, haustið 2020 og vann með kennurum skólans heilan dag. Lagði hún þar inn fræðilegan grunn verkefnisins og fór í framhaldinu í gegnum handbókina Verkfærakistan og fleiri verkefni sem kennrarar geta notað með nemendum sínum. Til stóð að Vanda kæmi á starfsdegi í nóvember og aftur í mars vorið 2021. Nóvemberdagurinn fór hinsvegar fram á Teams, vegna sóttvarnaraðgerða. Vanda kom til okkar í mars og ákvað í framhaldinu að koma aftur á starfsdögum í ágúst 2021 til að ljúka verkefninu.

Frávik og hindranir

Sóttvarnaraðgerðir stjórvalda vegna Covid-19 settu mjög mark sitt á innleiðingu verkefnisins. Á námskeiði haustið 2020 ákváðu námskeiðshaldarar að vegna sóttvarnarráðstafana yrði sá hluti námskeiðsins sem færi fram í gegnum leiki þátttakenda að bíða betri tíma. Þann hluta gátum við hinsvegar tekið í mars 2021, allavegana að hluta til. Starfsdagurinn í nóvember, sem fram fór í gegnum netmiðla, var ekki fullnægjandi að mati. Vöndu og því ákvað hún að koma aukalega til okkar í ágúst 2021 og fögnum við því.

Hugrökku ❤ er ekkert ómögulegt



Grunnshóli Reyðarfjarðar



Ávinnungur

Í haust fengu allir kennarar handbók sem leiðbeindi þeim í vinnu með nemendum sínum. Dæmi um aðferðir og verkfæri sem áunnust voru vináttuþjálfun, notkun innri hvata, jákvæð leiðtogaþjálfun, afleiðingaaðferðin, vinna með gerendur, samvinnuleikir og samvinnuverkefni, reiðistjórnun, félagsfærniþjálfun og hópefli. Kennarar fengu verkfæri til að bera kennsl á og vinna með einstaklinga sem eiga í félagslegum vanda annars vegar og hópa sem glíma við samskiptavanda hins vegar. Einnig fengu kennarar tækifæri til að greina hvar vandinn liggar en hann getur verið fólginn í samskiptaerfiðleikum, ljótu orðfari, lélegum bekkjaranda, einelti, ágreiningi innan hópsins, lélegum vinnufrið og svo mætti áfram telja. Vandi einstaklinga getur verið vinaleysi, klaufagangur í samskiptum, höfnun, einelti, hegðunarvandi og önnur félagsleg vandamál. Megin ávinnungurinn var að með Verkfærakistunni fengu kennarar í hendurnar fastmótað skipulag sem stýrði þeim áfram í þessari mikilvægu vinnu með nemendum með markvissum og árangursríkum hætti.

Mat á verklefninu, niðurstöður

Verkfærakistan er handhægt verkfæri fyrir kennara að vinna eftir í lífsleikni með nemendum sínum. Verkefni er vandað og faglegt og innleiðing þess unnin af heilindum af Vöndu Sigurgeirs Þóttur. Aðstæður gerðu okkur aðeins erfiðara fyrir en til stóð en ábyrðarkennd Vöndu gagnvart verkefninu gerði það að verkum að við fáum einn auka dag í haust sem við metum mikils og teljum gríðarlega mikilvægt til að viðhalda verkefninu sem best næsta vetur. Þau verkfæri sem kennarar fengu með Verkfærakistunni eiga eftir að nýtast þeim áfram í starfi með nemendum og er það markmið okkar að festa þessi vinnubrögð í sessi í starfi skólans.

Áætlun um kynningu á verkefninu

Verkefnið hefur verið kynnt fyrir fræðslunefnd Fjarðabyggðar og Skólaráði Grunnskóla Reyðarfjarðar. Einnig verður sagt frá verkefninu á heimasíðu Grunnskóla Reyðarfjarðar.

8. júní 2021,

Guðlaug Árnadóttir

Hugrókku ❤️ er ekkert ómögulegt

